

Mættir: Ingibjörg, Þóra, Inda, Alla og Bryndís

Skóladagatal

Umræða um viðtalsdaga. Sumum finnst of mikið að boða alla foreldra í viðtal – telja að kennarar séu oft í það miklum samskiptum við suma foreldra að boðun í viðtal sé ekki nauðsynleg í hvert skipti. Fram kom tillaga um að hafa hringekju á öðrum viðtalsdegi – þannig að þeir foreldrar sem vilja koma í viðtal – panti sér tíma telji þeir nauðsyn á því.

Innritun nemenda og úthlutun kennslutíma

Ljóst er að fjöldi nemenda verður um eða yfir 380. Ekki er enn komin endanleg tala á kennslutímaúthlutun. Úthlutun sérkennslutíma er lægri en í fyrra og séð er fram á sparnað í kennslutímaúthlutun.

Vorhátíð

Ákveðið var að setja hátíðina í hendur hverfisnefnd og foreldrafélaga beggja skólanna – hafa hana í byrjun júní og í Naustaborgum – en ekki við skólann, til þess að koma í veg fyrir að börn séu send ein á hátíðina. Foreldrafélagið óskar eftir greinargerð um hvernig vorhátíðinni hefur verið háttað, ásamt hugmyndum um hvernig skólinn vildi sjá hana skipulagða. Ákveðið að virkja hverfisnefnd og foreldrafélaög beggja skólanna (Naustaskóla og Naustatjarnar) frekar. Naustaskóli gerir ekki ráð fyrir aðkomu starfsmanna utna skólatíma á skóladagatali 2017 -2018, þ.e.a.s vorhátíðardagurinn verður ekki tvöfaldur dagur eins og áður hefur verið.

Ráðningar starfsmanna

Farið var yfir hversu marga starfsmenn þarf að ráða til starfa. Auglýsingar eru að fara í loftið.

Kolbrún Sigurgeirsdóttir umsjónarkennari, Halla Jóhannesdóttir myndmenntakennari og Árni Hrólfr Helgason umsjónarkennari, hafa óskað eftir ársleyfi frá störfum, sem hefur verið veitt. Aníta Jónsdóttir umsjónarkennari og Atli Sveinn Þórarinnsson hafa sagt störfum sínum lausum. Ráða þarf í þeirra störf bæði til frambúðar og til árs.

Einnig þarf að ráða stuðningsfulltrúa og skólaliða, í stað þeirra sem látið hafa af störfum og þeirra sem eru í barsburðarleyfi.

Önnur mál

Einar Mikael töframaður hefur áhuga á að koma inn í skólann með sýningu og spurning um að foreldrafélagið vilji styrkja það. Foreldrafélagið hefur hinsvegar ákveðið að borga uppákomu með Stefáni Jakobssyni og Andra Ívarssyni sem myndu koma 12. maí kl. 10.30. Var það samþykkt.

Fyrirspurn frá fulltrúa foreldra um hvernig teymiskennslan gengur í skólanum. Mat fundarmanna er að að teymiskennslan gengur almennt mjög vel.

Samræmd próf – vangaveltur foreldra um hvort að framkvæmdin hefði getað verið betur undirbúin af hálfu ráðuneytis og skóla. Skólinn getur gert betra skipulag, sent betri og ítrlegri upplýsingar heim með góðum fyrirvar og reynt á þann hátt að drag úr streitu og álgi sem oft myndast hjá foreldrum í garð samræmdu prófanna. Hinsvegar hefur skólinn lítið með vinnubrögð ráðuneytis að gera.